

BORGARRÁÐ 21. september 2023: Tillaga borgarfulltrúa Flokks fólksins um fleiri kosningar í anda Hverfið mitt – MSS23090127

Fulltrúi Flokks fólksins vill leggja til að íbúalýðræði verði útvíkkað. Kominn er tími til að skoða íbúalýðræðis-kosningar í anda Hverfið mitt. Slík kosning myndi ná þá yfir fleiri þætti en bara stíga og steypu. Hér er átt við kosningu sem fengi nýtt heiti í samræmi við tilganginn og markmiðið. Um verði að ræða kosningu verkefna sem næðu yfir mannréttindamál eins og það að spyrja hvaða biðlista íbúar vilja helst sjá minnka eða hvar íbúar telja að skóinn kreppi mest þegar kemur að þjónustu við íbúa? Nú eða hvaða stafrænu lausnir íbúar vilja að verði innleiddar fyrst.